

## Svar

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Magnúsar Stefánssonar um styrki til útrásar íslenskrar dægurtónlistar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hverjir voru styrkir ráðuneytisins og sjóða þess til útrásar íslenskrar dægurtónlistar árin 1995–2002, sundurliðað eftir árum?*

Iðnaðarráðuneytið hefur stutt útrás íslenskrar dægurtónlistar með þrennum hætti. Í fyrsta lagi með beinum stuðningi af ráðstöfunarfé ráðuneytisins. Í öðru lagi í gegnum verkefnið „Átak til atvinnusköpunar“ sem rekið hefur verið af iðnaðarráðuneytinu frá árinu 1996. Í þriðja lagi með óbeinum hætti í gegnum tengsl við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins (NSA). Byggðastofnun hefur ekki veitt styrki til útrásar dægurtónlistar á þessu tímabili. Hér á eftir er gerð grein fyrir þessum styrkjum. Rétt er að geta þess að í sumum tilvikum er ekki fyllilega ljóst hvort tónlist flytjendanna telst dægurtónlist að öllu eða einhverju leyti. Teknir eru með styrkir til verkefna sem eiga að hvetja höfunda og flytjendur til að sækja á erlenda markaði, sbr. Íslensku tónlistarverðlaunin.

### 1. Styrkur til útrásar íslenskrar tónlistar árið 1995:

<i>Styrkþegi</i>	<i>Verkefni</i>	<i>Upphæð, kr.</i>
RARIK-kórinn	Styrkur til þátttöku í söngvakeppni verkalýðskóra	200.000

### 2. Styrkir til útrásar íslenskrar tónlistar árið 1996:

<i>Styrkþegi</i>	<i>Verkefni</i>	<i>Upphæð, kr.</i>
Spor hf.	Þátttaka í „South by Southwest“	250.000
Gus Gus	Markaðssetning á tónlist Gus Gus	125.000

### 3. Styrkir til útrásar íslenskrar tónlistar árið 1997:

<i>Styrkþegi</i>	<i>Verkefni</i>	<i>Upphæð, kr.</i>
Botnleðja	Styrkur til tónleikaferðar	300.000
Barnakór	Styrkur til tónleikafarar Grensáskirkju til Ítalíu	50.000
Grundartangakórinn	Styrkur til tónleikaferðar til Svíþjóðar	150.000
André Bachmann	Tónlistarflutningur hjá Íslendingafélögum	45.000
Íslensku tónlistarverðlaunin	Styrkur til verkefnisins	400.000

### 4. Styrkir til útrásar íslenskrar tónlistar árið 1998:

<i>Styrkþegi</i>	<i>Verkefni</i>	<i>Upphæð, kr.</i>
Bjartmar Guðlaugsson	Kynning og markaðssetning á tónlist	200.000
Finnur Torfi Stefánsson	Kynning og markaðssetning á tónlist	200.000
Íslensku tónlistarverðlaunin	Styrkur til verkefnisins	400.000
Dóra Takefusa	Tónlistarstarf í Bretlandi	150.000

Hljómsveitin Kolrassa krókríðandi	Kynning fyrir erlenda markaði	150.000
Loftkastalinn	Popptónlistarhátið í Loftkastalanum	200.000
Botnleðja	Tónlistarferð til Los Angeles	450.000
Jón Aðalsteinn Þorgeirsson	Kynning hljómdisks: Klarinett – píanó	40.000

#### 5. Styrkir til útrásar íslenskrar tónlistar árið 1999:

<i>Styrkþegi</i>	<i>Verkefni</i>	<i>Upphæð, kr.</i>
Hljómsveitin Bellatrix	Markaðssetning á hljómsveitinni Bellatrix	400.000
RARIK-kórinn	Styrkur til Færeyjafarðar	100.000
Söngfélag eldri borgara	Af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar	250.000
Íslensku tónlistarverðlaunin	Styrkur til verkefnisins	500.000
André Bachmann	Kynning á íslenskri dægurtónlist erlendis	100.000
Björn Thoroddsen	Tónleikaferð til Þýskalands	160.000
Botnleðja	Tónleikaferð hljómsveitarinnar til Englands	300.000
Stöðin ehf.	Vegna tónlistarfyrirtækis	300.000
Margrét Kristín Blöndal	Tónlist Möggu Stínu – tvær tónleikaferðir	250.000
Bang Bang og Maus	Tónleikahald í Danmörku	250.000
Latibær ehf.	Markaðssetning á söngleiknum Latabæ	800.000
Guitar Islancio	Tónleikaferð um Norðurlöndin	150.000
Hljómalind – SigurRós	Útrás hljómsveitarinnar og tónleikahald	200.000
Collegium Musicum / Skálholt	Útgáfa hljómdisks	500.000
Emiliana Torrini	Markaðssetning erlendis	300.000
Dead Sea Apple	Markaðssetning erlendis	150.000
Jóhann Helgason	Markaðssetning erlendis	250.000
Botnleðja	Markaðssetning erlendis	400.000
Lhooq	Markaðssetning erlendis	250.000
Móeiður Júníusdóttir	Markaðssetning erlendis	400.000
Plötur ehf.	Markaðssetning erlendis	250.000
Thulemusik ehf.	Hlutafé frá Nýsköpunarsjóði (NSA)	20.000.000
Bellatrix	Áhættulán frá NSA (afskrifað)	5.000.000

#### 6. Styrkir til útrásar íslenskrar tónlistar árið 2000:

<i>Styrkþegi</i>	<i>Verkefni</i>	<i>Upphæð, kr.</i>
Íslensku tónlistarverðlaunin	Styrkur til verkefnisins	400.000
Guitar Islancio	Gunnar Þórðarson, tónleikaferð til Kanada	250.000
Hljómsveitin Maus	Þátttaka Maus í CMJ Music Marathon	200.000
Jassklúbbur Ólafsfjarðar	Blues & soul hátíð	200.000
Emiliana Torrini	Tónlist Emiliönu Torrini markaðssett erlendis	400.000
Tónlistariðnaðurinn	Úttekt á fjárhagslegum grundvelli fyrir útflutning á íslenskri tónlist – kostað af NSA	2.755.000

#### 7. Styrkir til útrásar íslenskrar tónlistar árið 2001:

<i>Styrkþegi</i>	<i>Verkefni</i>	<i>Upphæð, kr.</i>
Guitar Islancio	Gunnar Þórðarson – Íslensk þjóðlög í Kanada	500.000
RARIK-kórinn	Ferðastyrkur til Jótlandsfarar	250.000
Hljómsveitin Jagúar	Tónleikaferð til Gautaborgar	100.000
Hljómsveitin Ensími	Tónleikaferð til Bandaríkjanna	100.000

Hljómsveitin Úlpa	Tónleikaferð til Bandaríkjanna	100.000
Björg Þórhallsdóttir	Útgáfa geisladisks	150.000
Thulemusik ehf.	Hlutfé (aukning) frá NSA	4.000.000

**8. Styrkir til útrásar íslenskrar tónlistar árið 2002:**

<i>Styrkþegi</i>	<i>Verkefni</i>	<i>Upphæð, kr.</i>
Jóhanna Guðrún	Tónleikaferð til Bandaríkjanna	200.000
Íslensku tónlistarverðlaunin	Styrkur til verkefnisins	500.000
Botnleðja	Heimildarþáttur um tónleikaferð um Evrópu	150.000
Hljómsveitin Jagúar	Kynningarferð til Belgíu og Hollands	200.000
Hljómsveitin D.u.s.t.	Útflutningur á tónlist hljómsveitarinnar	200.000
Hljómsveitin Vinyl	Tónleikferð erlendis	200.000
Smekkleysa	Markaðsstjóri til leigu frá Útflutningsráði – kostaðarhluti NSA	600.000